

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Ásahreppi.

1. gr.

Ásahreppur innheimtir gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur í Ásahreppi nr. 865/2022.

2. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi. Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	8.100 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	1.615 kr. pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	13.500 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	2.690 kr. pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	20.250 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	4.035 kr. pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	40.500 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	8.075 kr. pr./m ³

3. gr.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, skal greiða sérstaklega samkvæmt gjaldskrá losunar- og móttökuaðila.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 19. nóvember 2025, er sett með vísan til 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og á grunni 11. gr. samþykktar um fráveitur í Ásahreppi nr. 865/2022. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ásahreppi, 19. nóvember 2025.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.